



434. fundargerð Þingvallanefndar

Fundur haldinn á skrifstofu þjóðgarðsins í Austurstræti 12 miðvikudaginn 21.3.2018 kl. 11:30. Mættir til fundarins voru Ari Trausti Guðmundson formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Líneik Anna Sævarsdóttir, Karl Gauti Hjaltason, Oddný Harðardóttir og Jón Steindór Valdimarsson. Páll Magnússon mætti kl. 11.50.

Einnig sátu fundinn Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður, Guðjóna B. Sigurðardóttir rekstrarstjóri, Hildur Hafsteinsdóttir fjármálastjóri og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund.

Þjóðgarðsvörður lagði fram skipunarbréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dags. 7. mars 2018. Ari Trausti Guðmundsson er skipaður formaður Þingvallanefndar og Vilhjálmur Árnason varaformaður.

1. Dagsetning vinnuferðar Þingvallanefndar til Þingvalla

Næsti fundur Þingvallanefndar verður þann 11. apríl, kl. 11.30.

Vinnufundur verður haldinn hjá Þingvallanefnd sumardaginn fyrsta, þann 19. apríl nk.

2. Fjármál og rekstur kynning á niðurstöðu ársins 2017. Lykiltölur í fjármálum og helstu rekstrarþættir.

Gestir: Hildur Hafsteinsdóttir fjármálastjóri og Guðjóna Björk Sigurðardóttir rekstrarstjóri.

Rekstraráætlun 2018 kynnt og rekstrarniðurstaða vegna ársins 2017.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur samþykkt rekstraráætlun fyrir árið 2018.

Rekstur og starfsmenn.

Á síðasta ári tók þjóðgarðurinn við rekstri í þjónustumiðstöðinni og gengur reksturinn vel.

Starfsmannafjöldi hefur margfaldast síðastliðin ár en fjöldi gesta sem kom til Þingvalla á síðasta ári er talinn vera 1.2 miljónir.

3. Hátíðarfundur 18. júlí, undirbúningur og staða

Alþingi mun halda þingfund á Þingvöllum þann 18. júlí nk.

Vinna er í gangi varðandi skipulagningu og aðra þætti þessa atburðar.

4. Erindi frá Náttúrufræðistofu Kópavogs vegna vöktunar í Þingvallavatni

Erindi frá samstarfshópi um heildstæða vöktun í lífríki Þingvallavatns dags. 12. febrúar 2018 lagt fram. Í erindinu er óskað eftir áframhaldandi fjárstuðningi við vöktunarkerfið, en í haust samþykkti Þingvallanefnd 6 mkr. styrkveitingu í þetta verkefni.

Á árinu 2018 er ráðgert að endurtaka sýnatökur af strandbotninum frá síðasta ári og jafnframt er ráðgert að fram fari fyrsta heildstæða athugunin á fiskistofnun vatnsins síðan 1984.

Þingvallefnd samþykkir að óska eftir frekari kostnaðargreiningu og nánari upplýsingum um verkefnið ásamt því eftir hvaða fjárupphæð er verið að óska eftir.

5. Kynning á minnisblaði vegna Kárastaðabæjarins

Minnisblað dags. 8.3.2018 lagt fram varðandi stofnun Rannsóknarseturs Þingvalla að Kárastöðum. Minnisblaðið er unnið af Ólafi Erni Haraldssyni, fyrrum þjóðgarðsverði á Þingvöllum.

Hugmyndin gengur út á að Kárastaðir gætu hýst þverfaglegt rannsóknarsetur ásamt því að vera lífandi vettvangur þróunar og vísinda. Í húsinu yrði aðstöðusköpun fyrir þá sem vinna að verkefnum tengdum þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Erindi frestað.

6. Erindi Kristjáns Sigurðssonar v/ Neðristígs 10

Samþykkt að formaður, Lilja Jónasdóttir lögfræðingur og þjóðgarðsvörður afgreiði málið.

7. Önnur mál

-

Fleira ekki gert og fundi slitið.